

MORGUNBLAÐIÐ,

Miðvikudagur, 27. nóvember 2019

RITSTJÓRNARGREINAR Leiðarar

Allt lagt undir

Spilafíkn getur valdið miklum skaða

Spilafíkn er andstyggilegt fyrirbæri. Í Morgunblaðinu og á mbl.is hefur Anna Lilja Þórisdóttir undanfarna daga fjallað um spilafíkn og afleiðingar hennar og verður framhald á þeirri umfjöllun á komandi dögum.

Þess eru dæmi að heilu fjölskyldurnar hafi verið á vonarvöl vegna spilafíknar. Um sex þúsund Íslendingar munu eiga við verulegan spilavanda að glíma. „Amma spilafíkill. Það er ég,“ sagði 65 ára gömul kona í einu viðtalinu. Hún áætlað að hafa eytt 30 til 50 milljónum í spilakassa á tíu árum.

Alma Hafsteinsdóttir, viðskiptafræðingur og fíkn- og fjölskyldumarkþjálfari með sérhæfingu í spilafíkn, þekkir sjúkdóminn af eigin raun. Hún segir að skortur á úrræðum fyrir fíkla sé alvarlegt mál.

Alma er með heimasíðuna spilavandi.is þar sem hægt er að finna upplýsingar um spilafíkn og fara í sjálfspróf með því að svara spurningum um fjárhættuspil og hegðun.

Spilakassar hafa verið sagðir skæðastir þegar kemur að spilafíkn. Í einum kassa er hægt að tapa 360 þúsund krónum á klukkustund að sögn Ölmur og bætir hún við að ekki sé óalgenget að langt leiddir spilafíklar spili í tveimur kössum samtímis.

Hér á landi reka tvö fyrirtæki spilakassa, Happdrætti Háskóla Íslands og Íslandsspil, sem er í eigu Rauða kross Íslands (64%), Landsbjargar (26,5%) og SÁÁ (9,5%).

Í fyrra voru tekjur þessara fyrirtækja af spilakössum rúmum 12,2 milljarðar króna að því er fram kom í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar, þingmanns Pírata, fyrr á árinu.

Að nafninu til er þessi starfsemi í þágu góðs málstaðar. En spyrja má hvort málstaðurinn sé orðinn að aukaatriði. Í fyrra var hagnaðurinn af spilakössunum 1,9 milljarðar. Það er vissulega álitleg upphæð, en þó aðeins um 15% af heildartekjunum. Hætt er við að góðgerðarfélag sem aðeins tækist að nýta 15% aflaðs fjár í þágu málstaðar yrði fyrir gagnrýni og myndi jafnvel missa stuðning. Ætti eitthvað annað að gilda um spilakassa?

Fórnarkostnaður þessarar fjáröflunarleiðar er gríðarlegur. Og þegar milljónir eru flognar getur spilafíkillinn ekki einu sinni huggað sig við að peningarnir hafi runnið til góðs málefnis því að þeir fóru að mestu í að viðhalda og reka spilakassana.